

Nd.

260. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. a-liður 9. greinar laganna orðist svo:

Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis bústaðar, ef þeir óska þess, en að öðrum kosti jafngildi þess í peningum.

2. d-liður sömu lagagr. orðist svo:

Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., auk ókeypis bústaðar, ef þeir óska þess, eða jafngildi þess í peningum, og kennarar við þá skóla 1600 kr.

Greinargerð.

Undanfarið hafa skólastjórar í ýmsum þorpum úti um land átt í erfiðleikum með að útvega sér húsnæði, og síðast liðið haust urðu tveir þeirra að leita aðstoðar fræðslumálastjóra, og á þriðja staðnum lá einnig við sjálft, að skólastjórinn þyrfti að hverfa frá starfi vegna húsnæðisleysis. Skólastjórar og kennarar þessara skóla hafa og nú orðið verri kjör en nokkrir aðrir kennarar landsins.

Launahækkun sú, sem hér er farið fram á, má teljast eðlileg til samræmis, ef skólastjórarir fá ókeypis húsnæði samkv. 1. lið, einnig til samræmis við laun kennara í öðrum skólaflokkum.

Samkvæmt gildandi lögum um skipun barnakennara og laun þeirra er kaupstöðunum gert að skyldu að láta skólastjórum barnaskóla sinna í té ókeypis húsnæði eða jafngildi þess í peningum. En nú vofir það yfir, að a. m. k. einn skólastjóri við kaupstaðarskóla fái hvergi viðunandi húsnæði á næsta hausti. Virðist þá einsætt, að hlutaðeigandi kaupstaður sé skyldur að láta skólastjóranum húsnæðið í té.

Við flutningsmenn teljum frv. þetta til samræmingar í réttlætisátt að því er snertir kaup og kjör barnakennara.